

**AUGLÝSING****um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 er hér með felld niður auglýsing frá 12. janúar 1970 um einstefnuakstur á Skjólbraut. Jafnframt tilkynnist, að bæjarráð hefur ákveðið, í samræmi við skipulag, að loka Skjólbraut við Hafnarfjarðarveg.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 11. október 1971.*

**Sigurgeir Jónsson.**

Nr. 199.

14. október 1971.

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Skeiðarvogur verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Miklubraut, Suðurlandsbraut, Langholtsveg og Elliðavog.
2. Stöðvunarskylda verður á Kambsvegi beggja vegna Hólsvegar.
3. Stöðvunarskylda verður á Eiríksgötu beggja megin við Barónsstíg.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. október 1971.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 200.

19. október 1971.

**SAMPYKKT****um stjórn bæjarmála Ísafjarðarkaupstaðar.****I. KAFLI****Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Ísafjarðar skal skipuð 9 (níu) bæjarfulltrúum, kjörnum skv. lögum nr. 5/1962.

**2. gr.**

Bæjarstjórn er almennt í fyrirsvari fyrir Ísafjarðarkaupstað, og skal engu máli, er varðar sérstaklega hagsmuni bæjarins, til lykta ráðið án umsagnar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn ber að gæta hagsmuna bæjarins í hvívetna og annast þau viðfangsefni, sem henni eru fengin í lögum og reglugerðum, svo og málefni, sem henni eru fengin í samþykktum, er hún hefur sett eða á henni kunna að hvíla að öðru leyti.

Meginverkefni hennar eru þessi: